



Cetol HLS plus

Hálfþekjandi viðarolía

Efnislýsing

Cetol HLS plus er hálfþekjandi og lágfyllandi terpentínubynnanleg alkýðolía, ætluð til notkunar á við innan- og utanhúss. Efnid er þunnfljótandi með innbyggðri UV sólarvörn. Viðarvígindin haldast sýnileg og einkennandi fyrir viðartegundina. Cetol HLS plus myndar örfína gegndræpa filmu sem virkar þannig að yfirborðið dregur ekki í sig viðbótarraka utan frá á meðan raki kemst í gegn innan frá (e. microporous). Þetta þýðir framúrskarandi viðarvörn sem hindrar myglu- og þörungavöxt, flögnun og sprungumyndun. Cetol HLS plus er afar auðveld í notkun og einfalt að viðhalda viðnum með henni.

Cetol HLS plus viðarolían má nota eina og sér við nýmálun á tréverk, bæði á mjúkan við (s.s. greni og fura) eða harðvið (s.s. tekk, sedrus, maghoni). Hún er hentug á garðhúsgögn. Fyrir bestu mögulega endingu skal nota Cetol HLS plus viðarolíuna sem grunn undir Cetol Filter 7 plus. Cetol HLS plus hentar einnig ein og sér sem pallaolía á harðvið, lárétta fleti og útihúsgögn.

Meðhöndlun

Undirlag skal vera hreint og þurr (mest 16% raki í viði). Ætíð skal bera á viðinn endilangt og forðast þannig að búa til færsluskil, þ.e. aukalitstyrk á miðju borði. Þetta á bæði við um nýmálun og endurmálun. Þegar þeim litstyrk er náð sem óskað er eftir skal nota ljósari lit næst (jafnvel glæran) við endurmálun til að viðhalda upprunalegum litstyrk.

Nýmálun viðar:

1. Þar sem þörf er á skal bera á 1 umferð af Tinova Wood Base Oil á nýjan mjúkan við sem krefst aukavarna gegn sveppum.
2. Hræið vel í dósinni. Grundið með Cetol HLS plus.
3. Berið 2 umferðir af Cetol HLS plus á viðinn. Bestur árangur næst þegar skammur tími er látinn líða milli umferða. Þessi tími ætti ekki að fara yfir 1 mánuð.

Endurmálun viðar:

1. Gráma, fúa, óhreinindi og gamla olíu skal þússa niður í ferskan við eða þvo með viðeigandi pallahreinsi og/eða harðviðarhreinsi (sjá leiðbeiningar á tækniblöðum). Nýr þrýstifúavarinn viður þarf að þorna vel (ekki síst ef hann hefur legið í miðjum stafla) og standa í nokkrar vikur áður en hann er olíuborinn.
2. Berið 1-2 umferðir af Cetol HLS plus á vel þurran flötinn.
3. Á harðviðarpalla skal bera 2-3 umferðir af Cetol HLS plus eftir hreinsun, sbr. verklýsinguna „Að hreinsa harðvið“ á heimasíðu.

Heilsufars- og umhverfismál

Lokið fótunni vandlega. Þrifið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tónum umbúðum til endurvinnslustöðva.

Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Innan- og utanhúss

Tegund: Alkýðolía

Gljástig: Háflgljástig, um 30-40 GU/60°

Hiti við málun: 5-30°C

Þekja: Þurrfilmubýkkt 10 micron er um 10-14 m²/l. Þekja fer mikið eftir viðartegund, ástandi yfirborðsins, vinnsluaðferð og aðstæðum við málun. Á grófu timbri er þekjan nokkuð lægri (t.d. 7-10 m²/l)

Ráðlögð þykkt: Þurrt: Um 10 míkrón hver umferð. Blautt: Um 36 míkrón. Cetol HLS plus kerfi á að hafa minnst 20 míkrona þurrfilmubýkkt. Fyrsta lagið smýgur vel inn í viðinn og tryggir viðloðun en hefur lítil áhrif á heildarþykkt þurrfilmunnar

Þurrktími við 20°C/65% RH: Rykfrítt: Um 4-6 klst. Yfirmálun: Um 18-24 klst

Ending að endurmálun: Um 2-4 ár á þriggja umferða Cetol HLS plus kerfi. Ljósari litir í hálfþekjandi viðarvörn endast almennt aðeins skemur utanhúss. Þess vegna eru litir með minna litarefni í Cetol HLS plus byggðir á TU-stofni, styrktum með UV-sólarvörn og HALS. Þannig næst um það bil sambærileg ending í ljósu litunum og í öðrum hálfþekjandi litum af Cetol HLS plus. Ending fer þó mikið eftir staðsetningu, gæðum viðarins, hönnun, vinnsluaðferðum o.fl.

Þurrefni: Um 30% af vigt og um 25-26% af rúmmáli

Þéttleiki: 0,905 kg/dm³

Þynning: Þynnið ekki

Verkfæri: Penslar

Litir: Allir litir í litakerfi Cetol Design

Endanlegur litur eða litatönn fer mikið eftir tegund viðar og lit á viðarvörn sem fyrir er

Umbúðir: 1 og 2,5 lítra dósir

Geymsluþol: Minnst 24 mánuðir í upprunalegum og óopnuðum ílátum

Geymsla: Í þurru rými við 5-30°C

Rokgjörn lífræn efni (VOC): (fl. A/e) mest 500g/l (2007), mest 400 g/l (2010). Cetol HLS plus inniheldur mest 383 g/l